



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjú mánuði áranna 2013 og 2014

2014

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu þrjá mánuði áráanna 2013 og 2014. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu þrjá mánuði áráanna 2013 og 2014

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um rúmlega 14% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 samanborið við fyrstu þrjá mánuði ársins 2013. Fjöldi tilkynninga var 2.460 fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en 2.154 fyrir sama tímabil árið á undan.

Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en hlutfall tilkynninga vegna drengja var 55% fyrst þrjá mánuði ársins 2014. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um tæplega 15% en fjölgunin var rúmlega 13% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu eða 41,1% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 og 36,1% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2013.

Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 var 24,1%, en 27,8% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í var 0,6% fyrstu þrjá mánuði ársins bæði árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu hækkaði úr 7,9% fyrstu þrjá mánuði ársins 2013, í 10,1% fyrir sama tímabil 2014. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,9% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en 5,7% fyrir sama tímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 var 1.944 börn, en sambærileg tala fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2013 var 1.789 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fjölgaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 24 fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 en 17 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 75% umsókna, en 25% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi fyrstu þrjá mánuði ársins 2013 og 2014. Hlutfall drengja var 66,7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 en 58,8 % fyrstu þrjá mánuði ársins 2013. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 16,2 ár á árinu 2014, en 15,7 á árinu 2013.

Alls bárust 32 umsókn um MST fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en umsóknir voru 18 fyrir sama tímabil árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi fyrstu þrjá mánuði ársins 2013 og 2014. Hlutfall drengja var 53,1% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 en 61,1% fyrstu þrjá mánuði ársins 2013. Meðalaldur barnanna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,4 ár fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en 15,8 ár fyrstu þrjá mánuði ársins 2013.

Umsóknum um ábendingu um hæfa fósturforeldra fjölgaði úr 24 í 37 á umræddu tímabili. Fjölgun var í umsóknum um tímabundið, varanlegt og styrkt fóstur. Flestar umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 56,7% umsókna, en 43,2% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en fleiri umsóknir fyrir drengi fyrstu þrjá mánuði ársins 2013. Hlutfall stúlkna var 56,8% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 en 37,5% fyrstu þrjá mánuði ársins 2013.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 46 fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 en 75 fyrir sama tímabil árið á undan. Skýrslutökum fækkaði úr 37 í 14 á umræddu tímabili, en könnunarviðtölum fækkaði úr 38 í 32. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 67,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 og 70,7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2013.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 51 fyrstu þrjá mánuði ársins 2014, en 55 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014, voru 321 dagar, en 390 dagar fyrir sama tímabil árið á undan. Fjöldi einstaklinga fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 var 33, en 40 fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar voru 12 á fyrstu þremur mánuðum bæði árin 2013 og 2014. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	959	44,5	1.085	44,1
Seltjarnarnes	11	0,5	17	0,7
Kópavogur	165	7,7	217	8,8
Garðabær	56	2,6	53	2,2
Hafnarfjörður	222	10,3	257	10,4
Reykjanesbær	168	7,8	152	6,2
Grindavík	24	1,1	20	0,8
Sandgerði	52	2,4	82	3,3
Mosfellsbær	53	2,5	53	2,2
Akranes	49	2,3	61	2,5
Borgarfjarðar og Dala	7	0,3	27	1,1
Snæfellinga	10	0,5	15	0,6
Norðanverðir Vestfirðir	33	1,5	58	2,4
Vesturbyggð og Tálknafjörður	2	0,1	5	0,2
Húnaþing vestra	9	0,4	2	0,1
A-Hún	14	0,6	6	0,2
Skagafjörður	10	0,5	5	0,2
Útey	12	0,6	18	0,7
Eyjafjörður	90	4,2	81	3,3
Þingeyingar	15	0,7	41	1,7
Fljótshérað	20	0,9	30	1,2
Fjarðabyggð	21	1,0	27	1,1
Hornafjörður	11	0,5	12	0,5
Árborg	48	2,2	58	2,4
Árnesþing	30	1,4	17	0,7
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	14	0,6	16	0,7
Vestmannaeyjar	49	2,3	45	1,8
Samtals	2.154	100,0	2.460	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	1.154	53,5	1.352	55,0
Stúlkur	990	46,0	1.096	44,6
Ekki vitað*	10	0,5	12	0,5
Samtals	2.154	100,0	2.460	100,0

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	1.466	68,1	1.682	68,4
Landsbyggð	688	31,9	778	31,6
Samtals	2.154	100,0	2.460	100,0

*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	739	41,3	784	40,3
Seltjarnarnes	11	0,6	14	0,7
Kópavogur	142	7,9	179	9,2
Garðabær	53	3,0	50	2,6
Hafnarfjörður	198	11,1	218	11,2
Reykjanesbær	142	7,9	122	6,3
Grindavík	16	0,9	18	0,9
Sandgerði	44	2,5	59	3,0
Mosfellsbær	45	2,5	48	2,5
Akranes	43	2,4	41	2,1
Borgarfjarðar og Dala	5	0,3	26	1,3
Snæfellinga	10	0,6	15	0,8
Norðanverðir Vestfirðir	32	1,8	47	2,4
Vesturbyggð og Tálknafjörður	2	0,1	4	0,2
Húnaþing vestra	9	0,5	2	0,1
A-Hún	11	0,6	5	0,3
Skagafjörður	10	0,6	5	0,3
Útey	12	0,7	18	0,9
Eyjafjörður	83	4,6	73	3,8
Þingeyingar	15	0,8	41	2,1
Fljótsdalshérað	19	1,1	28	1,4
Fjarðabyggð	21	1,2	21	1,1
Hornafjörður	8	0,4	10	0,5
Árborg	48	2,7	48	2,5
Árnesþing	27	1,5	16	0,8
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	12	0,7	16	0,8
Vestmannaeyjar	32	1,8	36	1,9
Samtals	1.789	100,0	1.944	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	960	53,7	1.037	53,3
Stúlkur	820	45,8	899	46,2
Ekki vitað*	9	0,5	8	0,4
Samtals	1.789	100,0	1.944	100,0

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	1.188	66,4	1.293	66,5
Landsbyggð	601	33,6	651	33,5
Samtals	1.789	100,0	1.944	100,0

*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall*	Fjöldi	Hlutfall*
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.232	68,9	1.377	70,8
Drengir	626	50,8	701	50,9
Stúlkur	598	48,5	670	48,7
Ekki vitað*	8	0,6	6	0,4
Þar af nýjar kannanir	646	36,1	667	34,3
Drengir	326	50,5	339	50,8
Stúlkur	318	49,2	322	48,3
Ekki vitað*	2	0,3	6	0,9

*Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	777	36,1	1.010	41,1
<i>Drengir</i>	377	17,5	502	20,4
<i>Stúlkur</i>	400	18,6	508	20,7
Líkamleg vanræksla	76	3,5	69	2,8
<i>Drengir</i>	31	1,4	42	1,7
<i>Stúlkur</i>	45	2,1	27	1,1
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	612	28,4	874	35,5
<i>Drengir</i>	312	14,5	429	17,4
<i>Stúlkur</i>	300	13,9	445	18,1
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	171	7,9	248	10,1
<i>Drengir</i>	76	3,5	126	5,1
<i>Stúlkur</i>	95	4,4	122	5,0
Vanræksla varðandi nám	50	2,3	47	1,9
<i>Drengir</i>	26	1,2	28	1,1
<i>Stúlkur</i>	24	1,1	19	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	84	3,9	75	3,0
<i>Drengir</i>	30	1,4	38	1,5
<i>Stúlkur</i>	54	2,5	37	1,5
Ofbeldi	599	27,8	592	24,1
<i>Drengir</i>	264	12,3	277	11,3
<i>Stúlkur</i>	335	15,6	315	12,8
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	291	13,5	324	13,2
<i>Drengir</i>	135	6,3	159	6,5
<i>Stúlkur</i>	156	7,2	165	6,7
þar af heimilisofbeldi	123	5,7	120	4,9
<i>Drengir</i>	55	2,6	65	2,6
<i>Stúlkur</i>	68	3,2	55	2,2
Líkamlegt ofbeldi	133	6,2	147	6,0
<i>Drengir</i>	73	3,4	78	3,2
<i>Stúlkur</i>	60	2,8	69	2,8
Kynferðislegt ofbeldi	189	8,8	129	5,2
<i>Drengir</i>	62	2,9	44	1,8
<i>Stúlkur</i>	127	5,9	85	3,5

Áhættuhegðun	764	35,5	844	34,3
<i>Drengir</i>	512	23,8	577	23,5
<i>Stúlkur</i>	252	11,7	267	10,9
Neysla barns á vímuefnum	162	7,5	124	5,0
<i>Drengir</i>	104	4,8	79	3,2
<i>Stúlkur</i>	58	2,7	45	1,8
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	230	10,7	332	13,5
<i>Drengir</i>	130	6,0	209	8,5
<i>Stúlkur</i>	100	4,6	123	5,0
Afbrot barns	265	12,3	267	10,9
<i>Drengir</i>	203	9,4	202	8,2
<i>Stúlkur</i>	62	2,9	65	2,6
Barn beitir ofbeldi	83	3,9	88	3,6
<i>Drengir</i>	67	3,1	74	3,0
<i>Stúlkur</i>	16	0,7	14	0,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	61	2,8	55	2,2
<i>Drengir</i>	35	1,6	28	1,1
<i>Stúlkur</i>	26	1,2	27	1,1
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	14	0,6	14	0,6
Tilkynningar alls	2.154	100,0	2.460	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu*	73	100,0	66	100,0
<i>Drengir</i>	38	52,1	28	42,4
<i>Stúlkur</i>	34	46,6	38	57,6
<i>Ekki vitað*</i>	1	1,4	0	0,0

*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Að mati tilkynnanda

*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	18	0,8	20	0,8
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	99	4,6	145	5,9
Nágrannar	186	8,6	193	7,8
Önnur barnaverndarnefnd	61	2,8	57	2,3
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	56	2,6	77	3,1
Lögregla	865	40,2	960	39,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	323	15,0	317	12,9
Leikskóli/gæsluforeldri	33	1,5	53	2,2
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	203	9,4	224	9,1
Foreldrar barns	167	7,8	214	8,7
Aðrir	143	6,6	200	8,1
Samtals	2.154	100,0	2.460	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	12	70,6	17	70,8
Langtímameðferð	5	29,4	7	29,2
Samtals	17	100,0	24	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	6	35,3	11	45,8
Nágrenni Reykjavíkur*	5	29,4	7	29,2
Landsbyggð	6	35,3	6	25,0
Samtals	17	100,0	24	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	10	58,8	16	66,7
Stúlkur	7	41,2	8	33,3
Samtals	17	100,0	24	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	2013	2014
Meðalaldur barna	15,7	16,2

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	7	38,9	12	37,5
Nágrenni Reykjavíkur*	11	61,1	20	62,5
Samtals	18	100,0	32	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarshreppur.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	11	61,1	17	53,1
Stúlkur	7	38,9	15	46,9
Samtals	18	100,0	32	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 3 mán. 2013	Fyrstu 3 mán. 2014
Meðalaldur barna	15,8	15,4

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	17	70,8	22
Varanlegt	4	16,7	9	24,3
Styrkt	3	12,5	6	16,2
Samtals	24	100,0	37	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	11	45,8	13
Nágrenni Reykjavíkur*	5	20,8	8	21,6
Landsbyggð	8	33,3	16	43,2
Samtals	24	100,0	37	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	15	62,5	16
Stúlkur	9	37,5	21	56,8
Samtals	24	100,0	37	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	2013	2014
Samtals	10,0	10,1

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 3 mán. 2013 Fjöldi	Fyrstu 3 mán. 2014 Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	75	46
a. Skýrslutökur	37	14
b. Könnunarviðtöl	38	32
Greiningar- og meðferðarviðtöl	27	27
Læknisskoðanir	5	9

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	22	29,3	15	32,6
Stúlkur	53	70,7	31	67,4
Samtals	75	100,0	46	100,0

*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 3 mán. 2013 Fjöldi	Fyrstu 3 mán. 2014 Fjöldi
Fjöldi vistana	55	51
Vistunardagar	390	321
Fjöldi einstaklinga	40	33

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	23	57,5	20	60,6
Stúlkur	17	42,5	13	39,4
Samtals	40	100,0	33	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 3 mán. 2013		Fyrstu 3 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík og nágrenni	9	75,0	6
Vesturland	0	0,0	0	0,0
Vestfirðir	1	8,3	0	0,0
Norðurland	0	0,0	2	16,7
Austurland	0	0,0	0	0,0
Suðurland	0	0,0	2	16,7
Reykjanes	2	16,7	2	16,7
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
Samtals	12	100,0	12	100,0

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.